

3. fundur skólanefndar FG á skólaárinu 2014 - 2015 haldinn fimmtudaginn 11.des. 2014 kl.14:00.

Mætt voru: Kristinn Þorsteinsson skólameistari, Steinþór Einarsson formaður skólanefndar, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Sigrún Gísladóttir, Áslaug Hulda Jónsdóttir, Þorkell Máni Pétursson. Fundinn sátu einnig Ingvar Arnarson fulltrúi kennara, Tómas Geir Howser Harðarson fulltrúi nemenda og Elísabet Siemsen aðstoðarskólameistari.

1. Fjármál skólans

Með fundarboði voru send rekstraryfirlit uppsafnað á árinu og til samanburðar rekstraryfirlit ársins 2013. Staðan er þokkaleg. Rekstraráætlun fyrir árið 2015 gerir ráð fyrir rekstrarafgangi. Nokkrar væntingar eru til að fara í eignakaup. Samkvæmt fjárlagafrumvarpi er hvert nemendaígildi metið á hærra verði en áður.

2. Breytingar á starfsmannamálum

Fundarmenn fengu sent yfirlit yfir helstu breytingar á starfsmannamálum á haust- og vorönn 2014-2015. Breytingar eru ekki miklar.

3. Stytting framhaldsskólans

Menntamálaráðuneytið er með tilmæli um að sem flestir skólar hefji styttingu frá og með haustönn 2015. FG hefur unnið síðustu ár að nýrri námskrá og er nokkuð vel undirbúinn undir styttinguna. Stefnt er að því að kenna eftir nýrri námskrá á 3ja ára námi með u.þ.b. 200 feiningar (framhaldsskólæiningar) til stúdentsprófs en það er sá fjöldi feininga sem þeir skólar hafa sem hafa nú þegar fengið samþykka námskrá. Langstærsti hluti námsins er ákvörðun hvers skóla.

4. Fundadagskrá

Fundartími skólanefndarfunda verður á fimmtudögum kl.12.00. Dagsetning hverju sinni er send út tímanlega.

Tillaga að fundadagskrá 2015 (með fyrirvara um breytingar):

- **29.janúar**
- **12.mars**
- **4.júní**
- **3.september**
- **22.október**
- **10.desember**

Elísabet Siemsen aðstoðarskólameistari ritaði fundargerð.